

Kynning frá Hringsjá



Ýmist nám er í boði í Hringsjá bæði styttri námsleiðir og lengra nám. Margir félagar í Geysi hafa stundað nám og sótt styttri námskeið hjá Hringsjá í gegn um árin. Þriðju-daginn 12. apríl kemur Linda Skúladóttir forstöðumaður Hringsjár til að kynna starfssemi skólans. Kynningin hefst í fundarherbergi Geysis kl. 14.00.

Allir Velkomnir!

Fjáröflun vegna haustferðar

Ákveðið hefur verið að breyta árlegri vorferð í haustferð. Verið er að selja klósettpappír, heimilsrúllur og lakkris til styrktar væntanlegum ferðalöngum.

VERÐLISTI

Klósettpappír 48. rúllur á kr. 3.500.-
Heimilsrúllur 12 rúllur á kr. 3.500.-
Blandaður Freyjulakkris 500.- gr. á kr. 800. Þeir sem vilja styrkja ferðalangana eru hvattir til að nýta sér þessi frábæru kostakjör á þessari nauðsynjavöru.

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **09.30** og **13.15** þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.
Við hvetjum félagar til að mæta á fundina.

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 08.30 - 16.00, nema föstudaga til kl. 15.00.

Félagslegt í apríl

Fimmtudagur 7. apríl
Ferð í Þjóðminjasafnið. Lagt af stað frá Geysi kl. 15.00
Umsjón: Benni

Laugardagur 9. apríl
Opið hús 11.00-15.00
Pema: Saumaklúbbsréttir
Umsjón: Elín og Tóta

Fimmtudagur 14. apríl
Bíóferð c.a 18.00
Nánar ákveðið síðar.
Umsjón: Ragnheiður / Stefán

Laugardagur 23. apríl
Páskaveisla 10.00-15.00
Verð kr. 1.800
Skráning fyrir 19. apríl.
Umsjón: Benni og Ester

Fimmtudagur 28. apríl
Opið hús 16.00-20.00
Umsjón: Ester

Húsfundur!

Húsfundur eru miðvikudaga kl. 14:30. Rétti staðurinn fyrir félagar til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
Allir að mæta!

Litli - Hver

4. tölublað apríl 2011

Fyrirestur og umræður um geðheilbrigði



Héðinn Unnsteinsson sérfræðingur í forsætisráðuneytinu hélt fyrirlestur í Geysi um geðheilbrigðismál þriðjudaginn 29. mars. Fyrirlesturinn bar yfirskriftina Geðheilsa - Staða og þróun til framtíðar. Héðinn fór yfir stöðu og fyrirheit stjórnvalda í geðheilbrigðismálum og hvernig raunveruleikinn blasir við í dag. Margt hefur áunnist á undanförunum árum en að sama skapi bíður ærið verkefni í þessum málaflökki. Héðinn nefndi mikilvæga þætti sem gera geðheilbrigði sérstakt, eins og til að mynda, huglægt eðli þess, möguleikann til fulls bata, tengingar við persónulega liðan og ekki síst skörunina við félagslega og hagræna þætti samfélagsins. Að lokinni framsögu Héðins var fyrirspurnum svarað og urðu fjórugar og skemmtilegar umræður. Klúbburinn Geysir þakkar Héðni fyrir þá innsýn sem hann veitti í starf sitt og ekki síður innlegg í mikilvæga samfélagsumræðu.



Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is
Facebook: Klúbburinn Geysir

Fréttir af húsfundum

Miðvikudagurinn 2. febrúar. Tilkynnt að Elín muni þurfa að fá frí vegna fundarsetu í velferðarráði, þar sem hún er varamaður. Mjög vel tekið í það. Rætt um að gamla reykhvergið og fyrrum aðsetur framkvæmdastjóra yrði tekið undir skrifstofu eldhúsideildar, en með

slíku fyrirkomulagi mætti fjölga og auka fjölbreytni í verkefnum eldhúsideildarinnar. Talað um undirbúning þorrablóts og fólk hvatt til að taka þátt. Undir liðnum önnur mál var rætt um vorferðarfund og fyrirkomulag fjáröflunar og hugmynd um að fara heldur í haustferð.



Mynd frá húsfundi 16. mars 2011

Miðvikudagur 9. febrúar. Kynnt þýskt þema á opnu húsi á laugar- daginn. Einnig kynnt spunasprell sem yrði í félagslegu á morgun. Rætt var um skipulag í húsinu og reifaðar hugmyndir um nýtingu þess. Til dæmis heilsuhorn í fundarherbergi á fyrstu hæð, en þannig mætti ná betri nýtingu á því herbergi. Herbergið hafi þó verið notað undir námskeið, fyrirlestra og hljómsveitaræfinga. Því var fagnað að framkvæmdastjóri hefði áhuga á að vera á þriðju hæðinni í skrifstofudeild með verkefni sín. Sagt frá starfsemi og verkefnum viðhaldsdeildar sem framundan eru og félagar hvattir til að taka þátt í verkefnum deildarinnar.

Victoría óskaði eftir leyfi fyrir myndatökugengi í Geysi, en verið er að gera heimildamynd um sjálfboðaliða og vinnu hennar í Geysi. Vel var tekið í þá þá hugmynd. Undir liðnum önnur mál var rætt um uppgjör kassa og nauðsyn þess að vanda sig við það. Hvatt var til að félagar nýttu sér stuðningsmannafyrirkomulagið í Geysi. Borin

fram hugmynd um að sameina aðstandenda- og kynningardag og blómadað/viku. Í stað þessara tveggja hátíða yrði komið á fót einum hátíðisdegi á sumri sem kalla mætti Geysisdaginn. Ákveðið að halda umræðunni áfram og kynna frekar.

Miðvikudagur 16. febrúar. Til- kynningar um bíóferð, málþing, fund um opinn LSH, flutning AMS í gamla Morgunblaðshúsið í Kringlunni og flatbökulaugardag og fólk minnt á að skrá sig. Sagt frá að Ragnheiður nýr starfsmaður myndi hefja störf fljótlega, Einnig var tilkynnt að álagsgreiðsla til starfsfólks vegna janúar hefði verið samþykkt af stjórn. Gerð var grein

(framhald fréttar af húsfundum á næstu síðu)

ATOM Atvinnu- og menntadeild

Geysisfélagi í vinnu



Skúli Baldursson vinnur við ræstingar hjá Slökkviliði Reykjavíkur. Hann hóf störf 1. mars síðastliðinn. Starfshlutfallið er 50%. Við óskum Skúla hjartanlega til hamingju með starfið.

Líkamsrækt í Laugum / World Class

Félagar í Klúbbnum Geysi fá afslátt af líkamsrækt í Laugum / World Class. Hafið í huga að tilkynna þarf þátttöku í Laugum til Esterar.

Frá fulltrúa notenda geðsviðs

Bergþór Böðvar Grétarsson fulltrúi notenda á geðsviði LSH langar til þess að komast í samband við notendur sem hafa verið nauðungarvastaðir eða sviptir sjálfræði á geðdeild. Tilgangurinn er að kanna stöðu þessara einstaklinga svo að bæta megi þjónustu við þá. Þeir sem vildu vinna með Bergþóri í þessu verkefni er bent á að hafa samband við hann í síma 543-4084/824-5315 og/eða tölvupóst bergbo@landspitali.is.

Markmiðssetning!

Kæri félagi!

Ef þú veist ekki hvert þú stefnir eða hvað þú vilt gera gæti markmiðsáætlun hentað þér! Nú getur þú sem félagi í Klúbbnum Geysi valið þér stuðningsstarfsmann og gert með honum markmiðsáætlun.

Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast!

Publisher og Tölvuver

Kennsla í Publisher alla þriðjudaga kl. 11.15-12.30.

Einstaklingsmiðuð kennsla í forritinu Publisher sem er m.a. notað til að búa til Hádegisfréttir og afmælskort.

Leiðbeinandi: Benni

Kennsla fer fram í tölvuveri alla fimmtudaga frá 11.15–12.30. Félagar geta áfram fengið einstaklingsmiðaða aðstoð á tölvur og unnið ýmis verkefni við innslátt í Word, tölvupóst og lært á Internetið. Kennari: Elín.

Morgunfundir


Morgunfundir eru alla morgna og hefjast klukkan 09.00.

Munið frían morgunmat frá kl. 08.30 til 09.30

Allir að mæta!

ATOM

Fréttir úr atvinnu- og menntadeild



Námsmaður mánaðarins

Námsmaður Geysis að þessu sinni er Margrét Bragadóttir. Hún hefur stundað tölvunám í window-s, word og excel á nemandi.is

Margrét byrjaði í nóvember síðastliðnum og lauk náminu í janúar. Margrét segir að námið hafi verið mjög skemmtilegt þrátt fyrir að um fjarnám hafi verið að ræða. “Það var alltaf hægt að hafa samband við stjórnandann hjá nemandi.is og einnig fékk ég mikinn og góðan stuðning hjá Elínu í menntadeild Geysis.”

Margrét segist hafa unnið mikið af efninu heima en ef eitthvað var að vefjast fyrir henni þá kom hún í Geysi eða hafði samband.

Hver eru næstu skref hjá þér varðandi tölvunám? “Mig langar að læra á Photoshop til þess að geta skannað gamlar myndir í tölvuna og lagað þær ef á þarf að halda. Vonandi get ég haldið áfram næsta haust.”

Við óskum Margréti til hamingju með árangurinn og vonandi tekst henni að halda áfram í haust.

Fréttir af RTR

RTR störf sem eru að losna

Við viljum vekja athygli á RTR störfum sem eru að losna á næstunni.

▲ Starfið í Þjónustumiðstöð miðborgar og hlíða er laust til umsóknar. Ráðið verður í starfið frá og með 1. maí. Umsjón og upplýsingar um starfið veita Benni og Þórunn Ósk.

▲ Starfið í Þjónustumiðstöðinni við Vitatorg (Lindargötu 59) er laust frá og með 15. júní. Umsjón og upplýsingar um starfið veita Benni og Ester

▲ Annað tveggja 25% starfa hjá Kynnisferðum á BSÍ er laust frá og með 1. maí og hitt frá og með 1. júlí. Umsjón og upplýsingar um starfið veita Ester og Stefán. Við hvetjum alla sem áhuga hafa að kynna sér þessi störf hjá umsjónarmönnum þeirra.

Kynningar — og viðmiðunarreglugfundir

Með reglulegu millibili eru haldnir kynningarfundir, viðmiðunarreglugfundir og markmiðssetningafundir í Klúbbnum Geysi. Þetta eru upplýsinga- og fræðslufundir og ætlaðir félögum og starfsfólki. Næstu fundir verða sem hér segir:

Markmiðssetningarfundur verður þriðjudaginn 5. apríl kl. 15.00.
Ester kynnir batastjórnuna.
Viðmiðunarreglugfundur verður þriðjudaginn 19. apríl kl. 15.00.

Fjáröflunartíðindi: Brabra

Já, hvað er Brabra? Er það nema von að þið spyrjið. Brabra er fjármögnunar- og fjáröflunarteymi Klúbbsins Geysis. Fundir eru haldnir alla miðvikudaga klukkan 10.00. Allir eru velkomnir á fundinn og þeir sem láta sjá sig verða upplýstir um leyndardóminn á bak við nafnið...

Brabra er nú þegar búinn að standa fyrir Kolarportssölu sem gaf um 30.000 krónur í aðra hönd.

Verkefni Brabra þessa stundina eru eftirfarandi:

- Senda út styrktarbeiðnir til fyrirtækja og stofnana, bæði vegna þátttöku á ráðstefnunni í Stokk-hólmi í sumar og vegna kaupa á nýjum búnaði fyrir eldhús. Nú þegar er búið að senda út hátt í 60 beiðnir. Haldið verður áfram á fullu með þetta.
- Verið er að skoða hvort hægt sé að stofna Hollvinadeild innan Klúbbsins Geysis, þar sem velunnarar klúbbsins gætu gerst hollvinir og styrkt klúbbinn á árlegum grundvelli með upphæð



frá 1.500 upp í 10.000 krónur.

- Rætt hefur verið að stofna þrýstihóp á stjórnvöld til að breyta skattalögum þannig að framlög til góðgerðamála verði frádráttarbær til skatts, eins og þekkest víða erlendis. Slíkt myndi auka líkur á því að fyrirtæki og stofnanir gæfu til góðgerðarmála.
- Brabra mun taka fullan þátt í Geysisdeginum þann 25. júní næst komandi og sjá um allt sem snýr að fjáröflun á þeim degi.

Brabra óskar eftir áhugasömum þátttakendum í starfið sem og hugmyndum um fjáröflun!

Ester Auður Elíasdóttir, framkvæmdastjóri og Brabrakona

fyrir fjárhagsáætlun 2011 og fóru fram góðar og opnar umræður. Rætt um nýtingu styrks úr sjóði Páls Gunnarssonar sem klúbburinn fékk og óskað eftir hugmyndum og framhaldsumræðu á næsta fundi. Kjartan Emil gerði grein fyrir störfum ráðgjafaráðs ICCD og þátttöku Geysis í því og alþjóðlegu starfi. Rætt um hugmynd að Geysisdegi eða sumarhátíð í sumar, sem helgaður yrði starfsemi klúbbsins og kynningu á honum. Kynnt hugmynd um að hver starfsmaður hafi í lok árs

unnið amk. 1 mánuð í hverri deild. **Miðvikudagur 23. febrúar.** Undir tilkynningum var fólk hvatt til að mæta á opið hús, horfa á sjónvarpsmyndina *Hallgrímur-maður eins og ég* sem sýnd verður á RÚV, söluferð í Kolarportið, myndlistasýningu Ármanns Magnússonar félaga í Geysi. Sagt var frá fjáröflunar- og fjármögnunarteyminu Brabra. Ákveðin var félagsleg dagskrá fyrir mars. Óskað var eftir félögum til þess að fylla út könnun um atvinnumarkaðsþátttöku félaga og viðhorf Klúbbsins Geysis til þess.

Félagi í Geysi í 10 ár Góður andi og nóg um að vera

Á þessum tímamótum vil ég segja frá hvaða þýðingu góða starfsemi Klúbbsins hefur haft og hefur enn fyrir mig um leið og ég minni á allan þann fjölbreytileika sem Klúbburinn býður upp á. Ég heyrði fyrst minnst á Klúbbinn í Geðhjálpi fyrir 10 árum og ákvað þá að kynna mér málið. Þá var starfsemin í húsi að Ægisgötu 7. Ég vissi nú ekki alveg þá hvaða gagn ég gat gert en hringdi og sagðist getað unnið á tölvu og aðstoðað við matargerð og frágang. Þessu var vel tekið og mætti ég næsta dag. Það heillaði mig strax að félagar og starfsmenn vinna á jafningjagrundvelli. Félagi og iðjuþjálfarnemi kynntu mér hugmyndafræðina og starfsemi Klúbbsins og fann ég mitt verksvið aðallega í Eldhúsdeildinni. Þarna leið mér vel, ég fann að ég gerði gagn og kynntist mörgu góðu fólki.

Þegar við fluttum upp í Skipholt 29 (haustið 2002) stækkaði og eflidist Klúbburinn með

tímanum. Það reyndi á útsjónarsemi allra við að endurhanna húsið svo útlit Klúbbhússins fengi þá ímynd sem við öll gátum verið stolt af. Í dag hefur Klúbburinn tvisvar fengið þriggja ára vottun frá ICCD (skrif-



Sigrún Jóhannsdóttir

stofu Alþjóðlegu Klúbbhúsahefingunarinnar) fyrir góða frammistöðu.

Félagar og starfsfólk halda alltaf húsfund einu sinni í viku þar sem öll málefni Klúbbsins eru rædd. Málefni er varða skrifstofu – eldhúss– og viðhaldsdeild og skrifstofu– og menntadeild eru oftast ofarlega á baugi. Svo þarf alltaf að ákveða skemmtilega félagslega dagskrá í hverjum mánuði. Það hefur mikla þýðingu að í Geysi er

vinnumiðuð starfsemi. Öll verk sem unnin eru í Geysi eru jafn verðug. RTR (ráðning til reynslu) er mjög hentugt fyrir þau sem eru að feta sín fótspor aftur á vinnumarkaðnum. Starfsmaður þjálfar þá félagann og



Júlíana og Þórunn vinkonur Sigrúnar.

Félagar og framkvæmdastjóri á ferð og flugi

Dagana 28.-30. mars heldur ráðgjafaráráð ICCD sinn árlega fund á Manhattan í New York (Bandaríkjunum). Til fararinnar eru kölluð þau Ester Elíasdóttir, framkvæmdastjóri, og Kjartan Emil Sigurðsson félagi í Klúbbnum Geysi. Kjartan Emil mun gista þar á Manhattan í gestaherbergjum Fountain House, en Ester verður hjá vinafólki þar í borg. Fjölbreytt dagskrá er á fundi ráðgjafaráðsins að þessu sinni eins og endranær. Rætt er um hagsmunamál klúbbhúsa um víða veröld. Einnig er rætt um þær hættur sem kunna að ógna starfsemi klúbbhúsa hvarvetna sem þau er að finna. Ekki síður er lagt á ráðin um það hvernig er hægt að breiða út boðskap klúbbhúsa og fjölga slíkum húsum alls staðar á byggðu bóli. Í vikunni eftir fund ráðgjafaráðs ICCD fer fram þjálfun á nýjum meðlimum í úttektraráð ICCD ("Faculty") í Helsinki, Finnlandi. Tveir félagar hafa valist til þjálfunarinnar, þeir Jón Sigurgeirsson og áðurnefndur Kjartan Emil Sigurðsson. Þjálfunin stendur í eina viku alls og þeir tveir fara utan þann 3. apríl og koma heim 9. apríl næstkomandi. Það er talið afar æskilegt að sömu einstaklingar eigi sæti hvoru tveggja í ráðgjafaráði ICCD og úttektraráði ICCD eins og mun verða að veruleika í tilviki Kjartans Emils, ef allt gengur að óskum. Hins vegar á Jón "Nonni" Sigurgeirsson sæti í stjórn Klúbbsins Geysis sem fulltrúi félaga þar.

Leiðin til betra lífs

Hvernig Klúbburinn Geysir hefur hjálpað mér í gegnum lífið og tilveruna undanfarna mánuði.

Helgi Halldórsson heiti ég 39 ára gamall Reykavíkingur. Ég hef sótt Klúbbinn

Geysi tvisvar í viku frá byrjun árs 2011 og hefur það hjálpað mér mikið við að gera mér betur grein fyrir mínum aðstæðum og veitt mér styrk í raunum þessa lífs.



Fréttir úr eldhús- og viðhaldsdeild

Í eldhúsinu er komið að endurnýjun tækja-kosts; bæði smátæki, áhöld og stóru tækin. Þessa dagana erum við að skoða eldavélar og bakarofna, enda þessi tæki löngu komin á tíma hjá okkur og eiginlega orðin hættuleg að vinna við. Í sömu atrennu þarf að endurnýja eyjuna – festa hana við gólfíð og fá nýja borðplötu. Matthildur stendur í stafni í eldhúsinu og stjórnar þar af röggsemi og reiðir fram dýrindis mat dag eftir dag.




Neistaflug frá viðhaldsdeildarmönnum

Þorkell og Árni Jóhannessynir standa vaktina í viðhaldsdeildinni og eru um þessar mundir að taka baðherbergið á þriðju hæð í gegn. Í því felst að rífa upp gólfdukin, slípa gólfíð, steypa upp í göt, pússa gólfíð, flísaleggja og fleira. Það er mikið tilhlökkunarefni að koma baðherberginu í gagnið aftur, sérstaklega þar sem sífellt fleiri leggja við hjólfákinn og koma sér til vinnu með krafti rúgbrauðsmótorsins.

Þórður bakameistari sér til þess að alltaf sé til nýbakað kryddbrauð, sem klúbburinn selur svo á 500 kr. Eðalbrauð á góðu verði – tilvalið í kaffiboðið eða sem lítil tækifærisgjöf. Einnig sér hann um mest allan brauðbakstur í húsinu, sem er ekki svo lítil því oft eru nýbakaðar bollur eða brauð með hádegismatnum.

Mæting í eldhús- og viðhaldsdeild er góð fyrri part dags og alltaf hægt að finna nóg af verk-efnum. En svo virðist botninn detta úr eftir hádegíð, en við hvetjum félagala til að mæta í deildina eftir hádegíð/vera áfram fram yfir



Umpottun á fullu

mat, og taka þátt í þeim verkum sem þá eru fyrir hendi. Þar má nefna að hengja upp myndir, finna tilboð í eldhústæki, dytta að hjólfákum og fara í Sorpu.

Starfsmannaskipan eldhús- og viðhaldsdeildar hefur verið svolítið á reiki síðan í haust, en nú erum við orðin fullmönnuð aftur. Stefán Jónsson frá Deildartungu gekk til liðs við okkur í byrjun febrúar og Ragnheiður Kjartansdóttir Bjargmundssonar fyrir miðjan mars.

Ef við lítum í pétríska – íslenska orðabók er hægt að færa rök fyrir því að Jóhann sé búðingur, en hann sér um að afgreiða matar- og kaffikort auk þess sem hann selur sælgæti og gos. (Búðingur = Verslunarmaður. (pétrísk – íslensk orðabók)) Auk þess heldur hann að staðaldrí utan um félagatalið, og skrifar niður verk-efni dagsins.

Vorverkin eru hafin. Umpottun plantnanna okkar er í fullum gangi og sér Guðný blómálfur um að það gangi allt rétt fyrir sig. Hún er urðarbrunnur plantnanna. Ef hennar nyti ekki við er óvíst um afdrif þeirra, rétt eins og Yggdrasil yrði ekki langlífur ef Urður, Verðandi og Skuld gætu ekki vökvað hann úr Urðarbrunni á hverjum degi.

Þegar hann hefur lært starfið hefur hann það í nokkra mánuði. En starfið er eign Klúbbsins og fá fleiri félagar að sækja um það þegar það losnar.

Þegar ég lít til baka yfir þau tíu ár sem ég hef verið félagi í Klúbbnum Geysi er ég mjög þakklát. Sem félagi hef ég fengið góð tímabil, verið stabil og getað stundað nám og vinnu. Það er alltaf góður andi í Geysi og nóg um að vera. Klúbbur-

inn stendur ávallt fyrir hugsjón sinni sem brú út í samfélagið fyrir fólk sem á við eða hefur átt við geðræn veikindi. Ég vil þakka starfsfólki sem ég hef fengið að kynnast og félögum og vona ég að klúbburinn muni halda áfram að dafna og eiga bjarta framtíð um ókomin ár. (Myndirnar sem fylgja greininni eru teknar á Þorralóti Geysis í febrúar síðastliðnum.)

Sigrún Jóhannsdóttir



Myndin er tekin í páskaveislunni í fyrra

Dagskrá Geysis yfir páskana



Dagskrá páskana verður með hefðbundnu sniði í ár. Lokað er á skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum, en opið verður laugardaginn 23. og haldin hefðbundin páskaveisla þar sem boðið verður upp á lambasteik og ljúfengan forrétt. Félagar eru hvattir til þess að skrá sig fyrir þriðjudaginn 19. apríl. Verðið er 1.800 kr. á mann og frítt fyrir 12 ára og yngri



Bréf til Litla hvers

Erla Þrúður Stefánsdóttir hefur verið félagi í Geysi frá 2007. Hún býr nú í Búðardal, en fær alltaf sendan Litla Hver. Hún vildi koma kærri þakk-læti á framfæri fyrir það. Með bréfinu sendi hún fróðleik sem okkur er ljúft að birta og á alltaf við. Við þökkum Erlu Þrúði fyrir sendinguna og biðjumst velvirðingar á því hversu seint þetta birtist.



Erla Þrúður.
Myndin er tekin á júlum 2007

Heilsa
Til að viðhalda góðri heilsu þarf að borða hollan og fjölbreyttan mat, hvíla sig og hreyfa um það bil hálf-tíma á dag. Einnig þarf að temja sér jákvæðni og reyna að viðhalda félagslegum tengslum. Setja sér jákvæð markmið og fara yfir þau reglulega. Þannig nær maður árangri.

Heiðarleiki
Að vera heiðarlegur er að láta annarra manna hluti og líf í friði. Forðast að taka að láni hluti annarra og vera ætíð hreinskilinn í samskiptum við annað fólk.

APRÍL 2011

Ganga kl. 10.30 alla daga vikunnar — Morgunfundur alla daga kl. 09.00 og ókeypis morgunmatur — Deildarfundir alla daga kl. 09.30 og 13.15

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
28 Gænmetissúpa Starfsmannafundur kl. 10.00	29 Hakk og spaghetti Publisher 11.15	30 Kjúklingasalat Brabra kl 10.00 Húsfundur 14.30	31 Hlaðborð Tölvuver 11.15 Opið hús Indverskt þema	1 Hamborgarar og franskar Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	2
4 Fiskibollur Starfsmannafundur kl. 10.00	5 Kjöt í karry Publisher 11.15 Markmiðssetningafundur (kynning á batastjörnunni) kl. 15.00	6 Grænmetisréttur Brabra kl 10.00 Húsfundur 14.30	7 Hlaðborð Tölvuver kl 11.15 Ferð í Þjóðminjasafnið lagt af stað frá Geysi kl. 15.00	8 Kjúklingur Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	9 Saumaklúbbsmatar þema Opið hús
11 Grjónagrautur og slátur Starfsmannafundur kl. 10.00	12 Hakkabollur að hætti Victoríu Publisher 11.15 Kynning frá Hringjsá kl 14.00	13 Grænmetislasagna Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	14 Hlaðborð Tölvuver kl 11.15 Bíó (tími ákveðinn síðar)	15 Pizza Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	16
18 Kartöflusúpa Starfsmannafundur kl. 10.00	19 Plokkfiskur Publisher kl: 11.15 Viðmiðunarreglugfundur kl. 15.00	20 Risotto Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	21 Lokað Skírdagur Sumardagurinn fyrsti	22 Lokað Föstudagurinn rosalangi	23 Lambasteik og rækju- kokteill Páskaveisla frá kl. 10.00 til 15.00
25 Lokað Annar í páskum	26 Grillaðar samlokur Publisher 11.15	27 Steikur fiskur Brabra 10.00 Húsfundur 14.30	28 Hlaðborð Tölvuver kl. 11.15 Samráðsfundur í Geysi kl. 13.30 Opið hús kl 16.00 til 20.00	29 Píta Eldhúsdeildarfundur kl. 10.00	30